



Borgarráð

Vogabyggð 5, viðauki við viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Snarfara

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki meðfylgjandi viðauka við viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Snarfara félags skemmtibátaeigenda dags. 4. maí 2018 um uppbyggingu og breytingar á svæði félagsins við Fleyvang - Vogabyggð 5.

Greinargerð

Snarfari félag skemmtibátaeigenda hefur um áratugi verið með hafnar- og landaðstöðu á tanga við Elliðaárvog. Tangi þessi nefnist nú Fleyvangur. Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur, sérstöku rammaskipulagi sem unnið var fyrir Vogabyggð er gert ráð fyrir að höfnin og athafnasvæði félagsins verði þarna áfram og enn fremur verði á Tanganum gert ráð fyrir að rísi grunn- og leikskóli og þangað verði flutt skólpdælustöð sem nú er á Gelgutanga. Deiliskipulag hefur nýlega verið samþykkt fyrir meirihluta Vogabyggðar 5, en sá hluti deiliskipulagstillögunnar, sem nær til hafnarsvæðis Snarfara, var frestað af tæknilegu ástæðum.

Með viljayfirlýsingunni dags. 4. maí 2018 var gert samkomulag um að minnka núverandi athafnarsvæði Snarfara um tæpa 7.000m², færa girðingar, hlið, stækka höfnina o.fl. Þetta var gert m.a. vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar skóla, skólpdælustöðvar og göngustíga í Vogabyggð 5.

Við hönnun skólpdælustöðvar Veitna ohf., sem rísa á innan núverandi lóðar Snarfara, kom upp að mannvirkid þyrfti að vera stærra en áætlað var í deiliskipulagstillögu fyrir Vogabyggð 5. Vegna þessa þurfti að stækka lóð skólpdælustöðvarinnar um 100m² og vegna þessa var nýtt deiliskipulag samþykkt nýlega. Vegna framkvæmda við skólpdælustöðina og skerðingar á lóð félagsins hefur því verið útbúinn viðauki við viljayfirlýsinguna frá 4. maí 2018, sem óskað er eftir að borgarráð samþykki.

Einnig er í viðaukanum áréttað að Reykjavíkurborg láti vinna í samráði við Snarfara breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagstillögu að stækkun hafnarinnar í samræmi við efni viljayfirlýsingarinnar frá 4. maí 2018. Vegna nýrrar landfyllingar í Vogabyggð 1 þarf að færa hluta innsiglingarrennu til vestur og einnig að flytja innsiglingarljósinn að höfninni og setja stuttan öldubrjót til að hlífa höfninni. Reykjavíkurborg tekur að sér að sjá um þessar framkvæmdir. Vegna staðsetningar skólpdælustöðvar þurfti Snarfari að útbúa nýtt

bátauppsátur og viðgerðarsvæði fyrir báta á lóð félagsins, breytinga rafkerfi á lóðinni, setja upp nýjar öryggismyndavélar og flytja báta á nýtt uppsátursvæði á lóð þeirra. Reykjavíkurborg mun endurgreiða félaginu 4 millj. króna af þessum kostnaði þess.

Önnur ákvæði í viðaukanum eru til áréttingar á ákvæðum í viljayfirlýsingunni frá 4. maí 2018.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:
Viðauki við viljayfirlýsingu við Snarfara,
Viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og Snarfara frá 4. maí 2018.

Viðauki við viljayfirlýsingu um uppbyggingu á athafnarsvæði Snarfara í Vogabyggð 5

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík og Snarfari félag skemmtibátaeigenda, kt. 630975-0189, Naustavogi 15, 104 Reykjavík, undirrituðu viljayfirlýsingu 4. maí 2018 um nýtingu og breytingar á athafnarsvæði félagsins að Naustavogi 15 í Vogabyggð 5.

Í 8. tl. viljayfirlýsingarinnar er ákvæði um að sérstök lóð, um 900m² að stærð, fyrir nýja skólpdælustöð Veitna ohf., verði staðsett innan núverandi athafnarsvæðis Snarfara.

Við hönnun fyrirhugaðar skólpdælustöðvar hefur mannvirkið reynst þurfa vera stærra en gert var ráð fyrir í viljayfirlýsingunni. Vegna þessa þarf að stækka fyrirhugað mannvirki og einnig lóðina um 100m² frá því sem gert er ráð fyrir í 8. tl. yfirlýsingarinnar frá 4. maí 2018 og enn fremur þurfti að breyta fyrirliiggjandi deiliskipulagstillögu um Vogabyggð 5.

Af þessu tilefni samþykkja aðilar eftirfarandi breytingu og viðauka við viljayfirlýsingu þeirra frá 4. maí 2018:

1. **Skólpdælustöð - lóð.** Innan núverandi lóðar verður sérstök lóð fyrir nýja skólpdælustöð Veitna ohf. Lóðin verði um 1.000m² að stærð. Staðsetning lóðarinnar og stærð fyrirhugaðs mannvirkis er sýnd á meðfylgjandi fylgiskjali I. Veitum ohf. ber að tryggja að félagið hafi áfram greiðan og góðan aðgang að aðaldyrum skemmu/verkstæðis félagsins við fyrirhugað framkvæmdasvæði Veitna ohf.

2. **Nýtt deiliskipulag.** Nú liggur fyrir breyting á gildandi deiliskipulagi vegna stækkunar á lóð skólpdælustöðvarinnar, sbr. fylgiskjal I.

Vegna fyrirhugaðrar stækkunar hafnarinnar, breytingu hafnargarðsins og gerð öldubríjótis út af Vogabyggð 1 mun Reykjavíkurborg láta vinna í samráði við félagið breytingu á gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi fyrir höfn Snarfara í samræmi við tillögur þær sem lágu fyrir við undirritun, sbr. 4. tl. viljayfirlýsingarinnar.

3. **Svæði félagsins.** Vegna stækkunar á lóð skólpdælustöðvar verður athafnasvæði félagsins verður annars vegar lóðin Naustavogur 15 og hins vegar smábátahöfnin - hafnarmannvirki. Áætlað er að lóðin verði um 25.400m² að stærð og smábátahöfnin um 31.500m². Mörk lóðar er sýnt á meðfylgjandi fylgiskjali I.

Stærð og staðsetning hafnarinnar verður nánar ákveðin í deiliskipulagi, sbr. 2. tl. viðauka þessa. Kvaðir eru á lóðinni m.a. um legu holræsis, graftarrétt fyrir lagnir o.fl. og aðkomu að skólpdælustöð.

4. **Hafnarsvæðið.** Í deiliskipulagstillögu verður miðað við að hafnarsvæðið verður stækkað og að lega núverandi hafnargarðs verði breytt til samræmis við fyrirliiggjandi hugmynd er fylgdi viljayfirlýsingunni frá 4. maí 2018 og að gerður öldubríjótur út af Vogabyggð 1, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal II. Hluti hafnarsvæðisins verður dýpkaður í mínus 1,5 metra miðað við stórstraumsfjöru og heimilt verður að lengja núverandi flotbryggjur í samræmi við fyrirhugaða tillögu.

5. **Innsiglingarrenna.** Áformað er að núverandi innsiglingarrenna að höfninni verði dýpkuð í mínus 2 metra miðað við stórstraumsfjöru. Vegna nýrrar landfyllingar í Vogabyggð 1 mun rennan færast aðeins til vesturs. Einnig þarf að færa innsiglingarljós fyrir höfnina nokkuð vegna fyllingarinnar.

6. **Skipting kostnaðar.** Skipting kostnaðar við uppbyggingu og framkvæmdir á svæðinu fer samkvæmt 6. tl. viljayfirlýsingarinnar frá 4. maí 2018. Reykjavíkurborg kostar auk þess flutning á innsiglingarljósum, sbr. 5. tl. Reykjavíkurborg mun endurgreiða félaginu kostnað sem félagið hefur orðið fyrir og kann að verða fyrir við að flytja báta og bátauppsátrið, sem var þar sem lóð fyrir skólþælu-stöðina er fyrirhuguð, breytingar á raf- og myndavélakerfi vegna flutnings bátauppsátursins o.fl. Umsamin greiðsla til Snarfara vegna þessa er 4.000.000 kr.

7. **Framkvæmdir.** Reykjavíkurborg stefnir að því að dýpkunarframkvæmdir á innsiglingarrennu verði framkvæmdar á þessum vetri. Ráðist verði í breytingu á hafnargarði, dýpkun að hluta innan hafnar og gerð öldubrjóts, þegar nýtt deiliskipulag fyrir höfn Snarfara hefur verið samþykkt. Samráð skal haft við félagið um framkvæmdir á svæðinu á vegum Reykjavíkurborgar og Veitna ohf.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda áfram ákvæði viljayfirlýsingarinnar frá 4. maí 2018.

Viljayfirlýsing þessi var samþykkt á fundi borgarráðs [dd.mm.áá]

Reykjavík

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Snarfara félags skemmtibátaeigenda

Vitundarvottar:

Fylgiskjal I.

Stærð og staðsetning lóðar Veitna ohf.



Tillaga að breytingu deiliskipulags

Fylgiskjal II.

Hugmynd að öldubríót við Vogabyggð 1.

